



Aðalfundur Golfklúbbsins Vestarr

Haldinn 21.febrúar 2021 kl. 17:00 á Kaffi 59

Kosning fundarstjóra: Stungið er upp á Hinriki Konráðssyni sem fundarstjóra, fundargestir samþykkja með lófaklappi.

Kostning fundarritara: Stungið upp á Jófríði, ritara klúbbsins, samþykkt með lófaklappi.

Skýrsla stjórnar: Garðar formaður les upp skýrslu stjórnar.

Formenn lásu upp skýrslur sinna nefnda. Mættir voru: Helga Ingibjörg fyrir skálanefnd, Kristín Pétursdóttir fyrir kvennanefnd og Hinrik Konráðsson fyrir mótanefnd. Ekki bárust fleiri skýrslur nefnda.

Fyrirspurn barst frá fundargesti um skála og hvort ætti að fara í frekari viðhald á honum miðað við óvissuástand með leigusamning við landeiganda og hvort ekki hafi verið sótt um að setja upp þriggja fasa rafmagn í skálann, og hvernig koma eigi á betra vökvunarkerfi fyrir flatir.

Garðar svarar að Marteinn gefi klúbbum lágmark 5 ára frest með uppsögn, Garðar ætlar að fara í það að kanna þetta með rafmagnið hjá Rarik og sækja um það. Klúbburinn hefur fest kaup á 4000 lítra safntanki sem verður settur niður við skála, kaupa þarf nýja dælu svo hægt verði að vökva fleiri flatir í einu.

Ársreikningar: Anna María Reynisdóttir gjaldkeri klúbbsins fer yfir ársreikninga, staða klúbbsins nokkuð góð, fleiri styrkir bárust og vallargjöld slóu öll met á þessu annars skrítna ári. Fundargestir samþykkja ársreikninga samhljóða.

Ákvörðun félagsgjalda: Tillaga kom upp á fundinum um að hækka félagsgjöldin, einstaklingsgjaldið upp í 50.000 kr og hlutfallslega samsvarandi hækkan á hjóna- og paragjaldi, sem og önnur félagsgjöld, tillagan var samþykkt af fundargestum samhljóða. Ákveðið var að vísa til stjórnar um að skoða hækkanir á vallargjöldum. Félagsmenn voru um 80 á síðasta ári fyrir utan þá sem eru í Skyldi (Skjöldur).

Fjárhagsáætlun 2021: Anna María fer yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2021, samþykkt einróma af fundargestum.

Kosning stjórnar: Sitjandi formaður, Garðar, gefur kost á sér áfram sem formaður klúbbsins, gestir fundarins samþykkja einróma. Jófríður kosin ritari til tveggja ára.

Helga Ingibjörg gefur kost á sér sem formaður kvennanefndar,

Ragnar Smári tilnefndur í fjáröflunarnefnd,

Helga Ingibjörg áfram formaður skálanefndar,

Formann í mótanefnd vantar, þarf að leysa sem fyrst, sett í hendur stjórnar að manna hana.

Guðni E. Hallgrímsson og Kristján Guðmundsson verða áfram endurskoðendur klúbbsins.

Hvað varðar vallarnefnd þá vill stjórnin ath. hvort hægt sé að hafa starfsmann á vellinum sem verður líka vallarstjóri til að einfalda samskiptahliðina.

Vöntun í aðrar nefndir er í höndum stjórnar að manna.

Önnur mál:

- Umræður sköpuðust um umgjörð móta í klúbbum, setja þarf skýrari reglur í kringum mót sér í lagi meistaramót, erfitt er ef fólk er seint að skrá sig bæði fyrir mótanefnd sem og starfsmenn í skála til að geta haldið utan um allt í kringum mótin, þetta er sett í hendur nýrrar mótanefndar að taka á þessu.
- Almennt voru fundargestir sammála um að það þarf að fá meiri jákvæðni inn í klúbbin. Minna má á það að störf innan klúbbsins byggjast á virkni félagsmanna.
- Klára þarf að gera nýja heimasíðu svo hægt sé að setja fundargerðir og annað efni inn.
- Marta Magnúsdóttir hefur boðið klúbbum golfherminn til kaups á kostnaðarverði. Garðar vill leggja inn fyrirspurn til bæjarins hvort þeir hafi húsnæðispláss til aflögu fyrir hann, skoða þarf fleiri húsnæði sem gætu verið í boði, vísað til stjórnar um að skoða þetta.
- Formaður þakkar Kristínu, Hinriki og Hermanni fráfarandi formönnum nefnda fyrir góð störf í þágu klúbbsins.

Fundi slitið kl 18:30.

Grundarfirði 21. feb 2021

Skýrsla stjórnar

Góðir félagar

Árið 2020 var mjög sérstakt ár fyrir íþróttahreyfinguna ekki síður en alla aðra á Íslandi.

Okkur tókst ágætlega til á íþróttavellinum þegar það var heimilt en félagsstarf leið mikið fyrir þær hömlur sem okkur voru settar af yfirvöldum.

Mótahald var með minna mótí og þá sérstaklega stærri mót þó reynt hafi verið af bestu getu að halda innanfélagsmót og önnur minni mót.

En í félagslega hlutanum var erfiðara um hlutina. Enn þó var ýmist reynt.

Konurnar okkar fóru af stað með nýliðastarf sem var mjög vel heppnað og vakti athygli margra og þar á meðal Gólf sambandsins. Stefnt er á að halda þessu góða starfi áfram og þökkum við þeim sem að þessu framtaki stóðu sérstaklega fyrir gott starf. Einnig var byrjað með grunn að barnastarfi og voru um 30 börn og unglingar sem komu að einhverju leiti og prufuðu gólfíþróttina. Við fengum veglega styrki frá velunnurum klúbbsins til að efla barna- og unglingastarf, þökkum við þeim félögum í Lionsklúbb Grundarfjarðar og afkomendum

Guðmundar og Ingibjargar í Guðmundi Runólfssyni hf, fyrir rausnarleg framlög til þessa mikilvæga starfs. Þau framlög auðvelda okkur við að leiðbeina unga fólkinu og auka aðgengi að gólfíþróttinni. Leitað hefur verið til GSÍ og PGA með aðstoð þar og er á dagskrá formannafundar GSÍ með hvað hætti er hægt að aðstoða félög við uppbyggingu barna og unglunga. En aftur að félagshlutanum. Vegna fjöldatakmarkanna voru miklar hömlur á samkomum eins og eftir mót og öðrum samkomum sem höfum venju að halda. Til dæmis tókst ekki að halda hefðbundna árshátíð þar sem starf og árangur sumarsins er gert upp. Ekki er ætlunin að rekja hér allt það sem gerðist í sumar en þó verður að minnast á það afrek hjá Hermanni Geir Þórssyni að setja vallarmet á meistaramótinu í sumar en hann spilað annan hring á 67 höggum sem er tveggja högga bæting á fyrra vallarmeti. Glæsilegur árangur. Vonandi er svo hægt næsta haust að gera sumarið betur upp heldur en núna. Í starfsemi eins og okkar er það mikilvægasta að geta verið með virkt félagsstarf þar sem fólk kemur saman til að iðka íþróttina ásamt því að eiga góðar stundir með félögum og fagna í starfi og leik.

Rekstur klúbbsins gekk vel þrátt fyrir allt. Starfsfólk klúbbsins stóð sig einstaklega vel. Valtýr og Radek á vellinum og þær Steinunn og Þórey í skála. Að auki allir þeir félagsmenn sem komu að starfinu með einum eða öðrum



hætti. Spilandi gestir hafa aldrei verið fleiri og tekjur að sama skapi góðar af gestum okkar. Eins og ferðasumarið lítur út þá vonumst við eftir að komandi sumar verði ekki síðra. Völlurinn og umgjörð fékk frábæra umsögn hjá öllum sem komu. Í byrjun sumars fengum við aðstoð Grundarfjarðarbæjar og Vinnumálastofnunar með starfsmann sem gafst vel. Óskað hefur verið eftir áframhaldi á því samstarfi og verður vonandi til boða fyrir komandi sumar. Einnig er gaman að nefna það að nokkur aukning hefur orðið á félögum í Vestarr á árinu. Við bjóðum nýja félaga velkomna og megi þeim halda áfram að fjölga.

Fyrir hönd stjórnar Vestarr
Garðar Svansson, formaður

Golf árið 2020

Þetta skringilega ár hófst á hinum árlega vinnudegi sem var 1.maí, flatir voru sandaðar, hælur og fjarlægðarstikur voru yfirfarnar, hreinsað var í kringum tré og runna og ruslafötum og bekkjum komið fyrir á þeim stöðum sem þeir eiga að vera á.

Covid19 breytti aðgengni vallar þannig að það mátti ekki taka upp flögg úr holum .

Valtýr var ráðinn á völlinn og stóð hann sig með stakri þryði og vonir um að hann verði ráðinn aftur eða sé tilbúinn að taka þetta starf að sér eitt ár í viðbót allavega.

Samstarf við Grundarfjarðarbæ hefur staðið, og hefur bærinn skaffaði tvisvar orfagengi útá völl til þess að létta á starfsmönnum okkar og það hefur komið vel út

Radek var ráðinn til að aðstoða Valtý og það samstarf tókst bara vel og hann var flott viðbót þegar að hann var aðeins kominn inní hlutina

Bönkerar teknir jafnt og þétt í sumar, snyrtir og bætt við sandi. Flatir vökvaðar vel fyrir meistaramót og kom það vel út, það má samt fara að skoða bætingar á vökvunarkerfi þannig að hægt sé að vöka sem mest í einu.

Aðgengi í kringum kallateig á 5.holu bætt til muna, runnar sem voru að vaxa í högglinu voru fjarlægðir og teighöggið opnað til muna.

Kv. Hermann Geir



Golfklúbburinn Vestarr Skýrsla skálanefndar starfsárið 2020

Skálanefnd annast eftirlit með skálanum í samstarfi við starfsmenn klúbbsins og gjaldkera og gengur eftir því að skálinn og umhverfi hans sé ávallt hreint og snyrtilegt. Starf skálanefndar var með svipuðu móti og síðasta ár.

Þær stöllur Steinunn og Þórey sáu um skálann fjórða árið í röð og var hann þrífinn hátt og lágt í upphafi og enda sumars. Alveg til fyrirmyndar.

Veðrið var alveg með eindæmum gott og oft glatt á hjalla í skálanum. Steinunn og Þórey voru duglegar við að bjóða upp á fjölbreyttar kræsingar og voru fjölmargir sem nýttu sér það þetta árið á milli hringja og einnig eftir hringi. En þetta árið var mikil umferð á Bárarvelli og skilaði það sér í skálann líka.



Í byrjun sumars hófust framkvæmdir við gólfið innst í skálanum. Dúkurinn var tekinn af hluta gólfsins, gólfið styrkt, settar nýjar plötur og loks var dúkurinn settur yfir aftur. Nú geta golfarar spókað sig um allan salinn án þess að eiga á hættu að falla niður á næstu hæð. Einnig var svæðið kringum útihurðina móti austri tekið í gegn, en

þeim framkvæmdum er ekki lokið.

Á stjórnarfundum nú í ársbyrjun var ákveðið að ekki yrði farið í frekari framkvæmdir á skálanum vegna óvissu um staðsetningu vallarins og þar af leiðandi golfskálans í framtíðinni.



168 handklæði, viskastykki og tuskur voru þvegin, þurrkuð og brotin saman.

Að sjálfssögðu sá formaður skálanefndar einnig um að setja nýtt heklað stykki á kúlupvottastatífið í byrjun sumars.



Grundarfirði 21. febrúar 2021
Helga Ingibjörg Reynisdóttir - Systa
Formaður skálanefndar





Kvennastarf GVG sumarið 2020

Kvennastarfið byrjaði upp úr miðjum maí á vikulegum golfdögum þar sem konur hittust og spiluðu golf saman. Því miður var þátttakan ekki mjög góð þetta sumarið, yfirleitt bara eitt holl, en vonandi eykst þátttakan á næsta ári þar sem aukning varð á nýliðum í golfi. Nokkrar konur tóku sig til og hvöttu nýliðina í golfinu að koma og hitta þær á æfingasvæðinu og svo spiluðu þær nokkrar holur með þeim. Þetta tókst mjög vel og í framhaldinu haldin mót fyrir þær sem var mikil ánægja með.

Í júní var haldin fundur til að ræða konugolfið, fleiri hefðu mátt mæta. Þar var reynt að finna leiðir til að efla kvennagolfið það sem framundan var þetta sumarið.

Kvennanefndin hélt eitt skemmtimót þar sem vellinum var breytt í þrjú völl. Góð þátttaka var og tókst dagurinn vel.

Ekki tókst að ná í lið til að taka þátt í Íslandsmóti golfklúbba, hvorki í 2. deild né öldungadeildinni.

Það var komið að okkur að halda Vesturlandsmót kvenna þetta árið. Við vorum búnar að skipuleggja mikið, búnað að fá sal, veislustjóra ofl. og ætluðum aldeilis að gera daginn og kvöldið frábært. En út af dotlu þá gekk það ekki upp en ákváðum samt að halda til streitu að halda mótið. Þátttaka var alveg ágæt og mótið tókst mjög vel, og held að allar konur hafi farið heim sáttar. Við fengum góða aðstoð frá öðrum félagsmönnum og þeim eru færðar þakkir fyrir. GVG konur voru sigursælar, Jófríður varð punktameistari með 40 punkta og við unnum sveitakeppnina.

Undirrituð hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram sem formaður kvennanefndar en þakkar kærlega fyrir sig. Vonandi mun kvennagolfið eflast með nýjum formanni og við munum eiga frábært golfsumar 2021.

Kristín Pétursdóttir



Skýrsla mótanefndar GVG 2020

Fyrsta mót ársins 2020 var vormót GVG 23.maí og þar voru 18 keppendur.

Í sumar var boðið upp á Soffanías Cecilsson mótarið og voru 7 mót haldin frá 3.júní til 15.september. Um var að ræða 9 holu punktamót og var ein hugmyndin með því að fá fleiri í klúbbum til að taka þátt. Meðaltalsfjöldi keppenda á hverju móti voru 14 en mjög góð þátttaka var í fyrsta mótinu en rólegra yfir mitt sumar en jókst aftur í sumarlok.

Sjómannaþagsmót G.Run var haldið 5.júní og var góð þátttaka eins og vanalega en mótanefnd GVG sér ekki um mótið.

Meistaramót GVG var haldið 8.-11.júlí og tókst vel. 24 tóku þátt í mótinu í 4 flokkum. Klúbbmeistari karla er Hermann Geir Þórsson og klúbbmeistari kvenna er Huguína Elísdóttir.

Í sumar var 25 ára afmælimót GVG haldið 16.ágúst. Glæsilegir vinningar voru í boði og var reynt að ná til flestra kylfinga á þessu og svæði og lengra en golf.is setti inn smá grein til að auglýsa mótið. Þetta varð stærsta mót sumarsins og skráðu sig 41 keppandi til leiks og var almennt mikil ánægja með mótið og var fólk sérstaklega ánægt með þær veitingar sem var boðið upp á í boði GVG.

Vesturlandsmót kvenna var haldið á Bárarvelli 29.ágúst en mótanefnd GVG sá ekki um það mót en keppendur voru 36 talsins.

Árshátíðarmót GVG var svo haldið 12.september og var mjög fín þátttaka í því en keppendur voru 24.

Mótanefndin kom að 11 mótum síðasta sumar og eins og komið hefur fram þá var þátttaka upp og niður yfir sumarið, minnst 10 keppendur og mest 41 keppandi.

Það sem einkennir mót GVG í sumar er að skráning fer vanalega mjög seint af stað og flestar skráningar eiga sér stað á sama degi og mót er haldið. Þetta hefur skapað oft á tíðum talsverða erfiðleika með framkvæmd móta þar sem oft á tíðum var tæpt á því hvort mót yrði frestað vegna þátttökuleysis.

Mótanefnd GVG telur að umræða þarf að vera innan klúbbsins hvernig mót félagarnir vilji að verði um sumarið og með hvaða hætti þar sem þátttaka á mörgum mótum var með minnsta móti og oft á tíðum ekki sátt um mótahald. En til að hægt sé að halda einhver mót yfir sumarið þá þurfa félagar GVG að taka þátt í starfi mótnefndar og gefa sinn tíma en án þátttöku félaga þá er ekki hægt að halda úti mótanefnd.

Takk fyrir.